

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Seltjarnarnesbæjar, nr. 831/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á C-lið 56. gr. samþykktarinnar:

a) Töluliður 2 orðast svo:

Fjölskyldunefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 26. júní 2013 og skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskyldunefnd skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 80/2002. Fjölskyldunefnd fer með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

b) Töluliður 4 fellur brott og aðrir töluliðir breytast í samræmi við það.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 29. október 2018.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.